

# B+

BLAÐ BIBLÍUFÉLAGSINS  
2023

**Altarisbiblúr**  
Stærra brot, stærra letur

**Petrína Mjöll**  
Gagnlegar ráðleggingar úr Biblíunni

**Bjarni Karlsson**  
Bati frá tilgangssleysi

**Guðni Einarsson**  
Verið vel lesin og lesið Biblíuna!



**Heimsping  
Sameinuðu  
biblíufélaganna**  
„Biblía fyrir hvert og eitt“



Altarisbiblíurnar eru í hörðum spjöldum og þó að þær séu stórar (24 × 32 cm) eru þær léttar.

## Altarisbiblíur með stóru lettri


Tvenns konar altarisbiblíur hafa nú verið gefnar út sniðnar að helgihaldi safnaðanna.

**H**ið íslenska blíufélag hefur nýverið gefið út tvenns konar altarisbiblíur í stóru broti. Bækurnar eru hannaðar með það í huga að vera notaðar í helgihaldi safnaða og eru því með stórum og læsilegum texta, en jafnframt léttar miðað við stærð. Biblíurnar henta einnig þeim sem vilja eiga Biblíu með mjög stóru lettri.

Bækurnar hafa fjóra lesborða og koma út í mjög

takmörkuðu upplagi. Ódýrari útgáfan er með hefðbundna dumbrauða (burgundy) bókarkápu og ángyllingar á blaðsíðuendum. Dýrari útgáfan er með kápu úr endurunnu leðri og vandaðri gyllingu á blaðsíðuendum.

Fyrst um sinn verður einvörðungu hægt að kaupa altarisbiblíur í vefverslun Biblíufélagsins, [www.biblian.is/verslun](http://www.biblian.is/verslun), og í Kirkjuhúsinu.





BLAÐ BIBLIÚFÉLAGSINS  
2023

**AÐSETUR**  
Háaleitisbraut 66  
103 Reykjavík

**FORSETI HINS ÍSLENSKA BIBLIÚFÉLAGS**  
Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

**AÐRIR Í STJÓRN FÉLAGSINS**  
Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur  
Fjalar Freyr Einarsson, kennari  
Grétar Halldór Gunnarsson, prestur  
Guðni Már Harðarson, prestur  
Hrönn Svansdóttir, framkvæmdastjóri  
Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur  
Kristján Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri  
Sveinn Valgeirsson, prestur

**FRAMKVÆMDASTJÓRI**  
Halldór Elías Guðmundsson

**SÍMI**  
528-4000

**NETFANG**  
hib@biblian.is

**VEFFANG**  
www.biblian.is

**HÖNNUN OG UMBROT**  
Brynjólfur Ólason

**PRENTUN**  
Ísafoldarprentsmiðja

**FORSIÐUMYNDIN**  
Búðakirkja á sunnanverðu Snæfellsnesi. Kirkjan var reist árið 1848 og er sóknarkirkja Búðasóknar, sem var stofnuð fyrst árið 1703. Kirkjan er þekkt fyrir fegurð sína, bæði bygginguna sjálfa, en einnig í samhengi við umhverfi sitt og tengsl við nærliggjandi svæði og sögu. Byggingin var friðuð árið 1990 í samræmi við aldurs-ákvæði þjóðminjalaga. Mynd: Unsplash.



# Að læra um Guð á eigin tungumáli

**Þ**að er alltaf gaman að segja enskumælandi fólki að fyrsta prentaða Biblían (Guðbrandsbiblía) á íslensku var prentuð á Íslandi 37 árum áður en enska King James-þýðingin kom út. Það er ekki síður merkilegt í þeirra huga að þegar Guðbrandsbiblía kom út voru Íslendingar rétt um 40.000 talsins. Metnaður Guðbrands biskups var einstakur og afrekið ótrúlegt.

Í dag hefur Biblían í heild verið þýdd á 733 tungumál sem rétt um 80% af íbúum jarðar skilja. Einstakir hlutar Biblíunnar hafa hins vegar verið þýddir á 2.925 tungumál til viðbótar. Alls hafa 97,4% íbúa jarðar aðgang að einhverjum hluta Biblíunnar á tungumáli sem þau skilja, þó að oft sé Biblían eða Biblíubrotið ekki á þeirra eigin móðurmáli, heldur á öðru eða þriðja málinu sem þau hafa lært.

Enn er enginn Biblíutexti til á 3.776 tungumálum. Meðalfjöldi þeirra sem tala þessi 3.776 tungumál sem hafa engan Biblíutexta er rétt um 50.000. Rétt rúmlega sá fjöldi sem bjó á Íslandi árið 1584. Framundan á allra næstu árum eru þýðingarverkefni á 1.320 tungumálum sem ekki hafa haft Biblíutexta, oftast nær á vegum Biblíufélaga, eða annarra frjálsra félagasamtaka.

Hvert þessara verkefna er einstakt. Stundum þarf að skapa skrifmál fyrir viðkomandi tungumál. Þróa þarf hugtök í viðkomandi tungumálum sem áður voru óþekkt og vinna við að greina málfræði og menningu viðkomandi tungumáls. Hvert tungumál á sér jafnframt sinn eigin túlkunarheim sem þarf að varðveita í skrifmálinu. Þýðing Biblíunnar á ný tungumál er þannig ekki einvörðungu trúarlegs eðlis, heldur gefur það tungumálinu nýtt líf og eykur líkur á að tungumálið lifi í heimi þar sem mörg tungumál eru í bráðri útrýmingarhættu. Líkt og Guðbrandur fyrir 439 árum, þá eru þúsundir einstaklinga í dag að þýða Biblíuna á sitt tungumál, með þá von að tungumálið haldi velli og einstaklingar í samfélögum þeirra kynnist Kristi á eigin tungumáli.

Að læra um Guð á eigin tungumáli, en ekki máli nýlendþjóðar eða tungumáli ríkjandi valdhafa, styrkir sjálfsmýnd mál-samfélagsins og valdeflir íbúa, hjálpar



**„Við sem erum félagar í Hinu íslenska biblíufélagi erum hluti af heimshreyfingu.“**

þeim að sjá Guð sem þeirra Guð, sjá Guð sem lætur sig varða um þau.

Híð íslenska biblíufélag starfar með biblíufélögum um allan heim. Biblíufélög starfa í rétt um 240 löndum og sjálfstjórnarsvæðum með það að markmiði að gefa öllum kost á að lesa Biblíuna á sínu móðurmáli. Áskoranirnar eru fjölmargar, en gleðin þegar nýtt málsamfélag fær tækifæri til að læra um Guð á eigin máli er einstök.

Við sem erum félagar í Hinu íslenska biblíufélagi erum hluti af heimshreyfingu sem ekki einvörðungu leitast við að koma orði Guðs allt til enda veraldarinnar, heldur erum við einnig hluti af hreyfingu sem leitast við að varðveita menningarheima í gegnum tungumál sem án vinnu biblíufélaga munu að líkindum hverfa.

*Halldór Elías Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri*

**MUNIÐ  
SÖFNUMARREIKNING  
BIBLIÚFÉLAGSINS**

REIKNINGUR 0101-26-003555  
KENNITALA 620169-7739

# Gagnlegar ráðleggingar úr Biblíunni

**Petrína Mjöll Jóhannesdóttir** hefur sent frá sér bókina *Hundrað og þrjú ráð* þar sem finna má gagnlegar ráðleggingar úr Biblíunni „til að lifa góðu lífi“, eins og segir á kápu.

**S**éra Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, prestur í Árbæjarkirkju, hefur sent frá sér nýja bók sem heitir **Hundrað og þrjú ráð**. Þar má finna, eins og nafnið bendir til, hundrað og þrjú heilræði úr Biblíunni sem hverju um sig fylgir hugleiðing frá Petrínu. Hverri hugleiðingu fylgja síðan þrjár spurningar sem lesendur geta spreytt sig á að svara um hvert heilræði. Fjallað er um ábyrgð einstaklingsins, traust, samskipti, heilbrigði, mótlæti og vonarrík viðhorf svo að fátt eitt sé nefnt.

Petrína er enginn nýgræðingur á ritvellingum, en hún hefur sent frá sér nokkrar aðrar bækur af svipuðu tagi. Árið 2016 gaf hún út bókina *Salt og hunang: Orð úr Biblíunni til ihugunar fyrir hvern dag ársins*. Þá er hún einnig höfundur litlu stafrófsbókanna svokölluðu, *Stafróf sorgarinnar, gleðinnar, ástarinnar og hugrekksins*, en þær hafa notið mikilla vinsælda.

„Við viljum gjarnan lifa góðu lífi, í sátt við okkur sjálf og aðra og leitum leiða til þess,“ segir Petrína. „Höfundar Biblíunnar gerðu það einnig og í henni er að finna heilmikið af ráðleggingum til þess að finna hamingjuleiðina. Þau fjalla um hvað felst í að vera vönduð manneskja og hvernig best er að lifa heiðvirðu og góðu lífi. Rætt er um hættur sem geta mætt manni og hvað skiptir mestu máli til þess að lifa vel.“

Petrína segir að í Biblíunni sé skýrt að til þess að lifa góðu lífi sé nauðsynlegt að þekkja Guð. „Það er

**„Guð ráðleggur okkur af því að hann elskar okkur og vill leiðbeina okkur um lífsins veg.“**




grundvallarforsendan sem gengið er út frá í öllum ráðleggingum. „Að óttast Drottin er upphaf spekinnar og að þekkja Hinn heilaga er hyggindi,“ segir til dæmis í Orðskviðunum.“

Petrína segir að reglur Guðs og boðorð sem er að finna í Biblíunni séu í rauninni holl ráð fyrir lífið og góðar fyrir okkur. „Margir eiga erfitt með að sjá reglur sem eitthvað jákvætt og gott og finnst eins og þær séu einungis ætlaðar til að gera manni lífið leitt. En við hlýðum ekki reglum né ráðum til þess að Guð verði ánægður með okkur. Guð ráðleggur okkur af því að hann elskar okkur og vill leiðbeina okkur um lífsins veg. Ráðleggingarnar eru ekki úreltar þó að þær séu gamlar, né eru þær hamlandi; öðru nær, þær eru gagnlegar og gefandi.“

Petrína segir að á þessu séu vissulega undantekningar og að í ritningunni megi einnig finna reglur og ráð sem endurspeglu löngu úrelt viðhorf sem eiga engan veginn við nú á dögum. „En það er miklu meira sem við getum enn lært af og nýtt okkur til að lifa vel. Við byggjum lög okkar og reglur til dæmis að miklu leyti á lífsvisku Biblíunnar og síðferði samfélags okkar hefur mótast af þeim gildum sem í henni er að finna. Lífsviskan birtist í frásögum Biblíunnar, reglum og ráðleggingum, eins og í bréfum Nýja testamentisins og auðvitað í orðum Jesú Krists.“

Í bókinni er leitast við að varpa ljósi á hvað er jákvætt og gott í ráðum Biblíunnar og sýna hve gagnleg og uppbyggjandi ritningin er.“



Mynd: Kristín Bogadóttir



MYND: WILLEM JAN DE BRUIN / UBS, WORLDASSEMBLY.

# „Biblía fyrir hvert og eitt“

Heimsping Sameinuðu biblíufélaganna fór fram í Hollandi dagana 13.–17. október sl. Þar komu saman nærri 400 manns til að ráða ráðum sínum, leiðtogar biblíufélaga, fulltrúar ólíkra kirkjudeilda og ýmissa samstarfsaðila. Meginþema þingsins var „sáttargjörð fyrir veröldina.“



**Á** lokadegi Heimspings Sameinuðu biblíufélaganna í Hollandi var yfirlýsing þingsins samþykkt með afgerandi meirihluta þátttakenda. Tæplega 390 þátttakendur, þar af fulltrúar 147 biblíufélaga frá öllum heimshornum, tóku þátt í þinginu sem stóð í sex daga í smábænum Egmond aan Zee í Hollandi 13.-17. október síðastliðinn. Meginþema heimspingsins var „Sáttargjörð fyrir veröldina“ (e. *Reconciliation for the World*). Fulltrúi Íslands var Halldór Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags.

Yfirlýsing þingsins var byggð á samtölum og viðbrögðum biblíufélaga um allan heim á sjö forgangsverkefnum. Sú vinna átti sér stað bæði í aðdraganda þingsins og á þinginu sjálfu. Verkefni voru 1) biblíuþýðingar, 2) dreifing prentaðra Biblíu, 3) notkun Biblíunnar, 4) sam-

félög innflytjanda, 5) umhverfisvernd, 6) starfsseigla og 7) stafræn miðlun.

Sameinuðu biblíufélögin staðfestu eindreginn vilja til að þjóna öllum kirkjum og kirkjudeildum og sammæltust um að þýðingar, útgáfa, dreifing og notkun Biblíunnar væru grundvallarþættir í starfi félaganna.

Þá kom fram í yfirlýsingunni skýr skilningur á að biblíufélög um allan heim sjái hlutverk sitt sem viðbrögð við orðum Jesú í kristniðsskipuninni (Matteusarguðspjall 28.18-20), þeim sé ætlað að skapa tækifæri fyrir allt fólk alls staðar til að mæta Guði í gegnum texta Biblíunnar.

Biblíufélög endurnýjuðu skuldbindingu sína við markmið Sameinuðu biblíufélaganna um „Biblíu fyrir hvert og eitt“ (e. *The Bible for Everyone*).

Þingið í ár var 10. heimsping Sameinuðu biblíufélaganna og fyrsta heimspingið í sjö ár, en það fór síðast fram í Filadelfíu í Bandaríkjunum árið 2016.

Elaine Duncan, formaður Sameinuðu biblíufélaganna, sagðist „upplifa hvatningu til starfa þegar hún sæi samstarfsandann og eininguna sem ríkti á heimspinginu 2023. Nú væri hins vegar verkefni hvers biblíufélags að spegla yfirlýsingu þingsins í ljósi aðstæðna á hverjum stað og halda starfinu áfram í ljósi þess sem hefði verið sagt á þinginu. Að horfa til yfirlýsingarinnar og meta hvað eru forgangsverkefni á hverjum stað, í hverju landi. Fegurð Sameinuðu biblíufélaganna felst í sameiginlegri framtíðarsýn, en við höfum hvert og eitt staðbundið hlutverk til að uppfylla markmiðið um Biblíu fyrir hvert og eitt.“

Heimsping Sameinuðu biblíufélaganna er haldið á 5-8 ára fresti og kallar saman leiðtoga biblíufélaga, fulltrúa kirkjudeilda og samstarfsaðila til að leggja línur og skapa sýn fyrir framtíð biblíudreifingar.

Sjá fleiri svipmyndir frá heimspinginu á næstu síðu.

## Svipmyndir frá Heimspingi Sameinuðu biblíufélaganna



LJÓSMYNDIR: WILLEM JAN DE BRUIN OG SIMEON LAWSON.





## Hefðbundin Biblía á hagkvæmu verði

**S**tarfsemi Hins íslenska biblíufélags hefur tekið nokkrum breytingum á þessu ári. Þar ræður mestu að félagið hefur á ný tekið við útgáfu á prentútgáfu Biblíunnar, sem hafði verið í höndum JPV útgáfu síðan 2007.

Í febrúar gaf Biblíufélagið út fallega Biblíu á hagkvæmara verði en tíðkast hefur með Biblíur á Íslandi og nú í haust komu út tvær gerðir af altarisbiblíum sem eru hannaðar til notkunar í helgihaldi (sjá nánar á bls. 2). Í tengslum við Biblíuútgáfuna var auk þess opnuð vefverslun með þær Biblíur sem félagið gefur út, [www.biblian.is/verslun](http://www.biblian.is/verslun).

Fyrsta endurútgáfa Biblíufélagsins á 2007-þýðingu Biblíunnar kom út um miðjan febrúar. Markmið nýju útgáfunnar var að bjóða Biblíu sem er vönduð að allri gerð en um leið á hagkvæmara verði en áður hefur þekkt.

Nýja Biblían er í svipaðri stærð og ný Sálma-bók íslensku kirkjunnar, sem kom út í fyrra, og kemur hún eingöngu í svartri kápu með smáum fallegum krossi framan á.

Forlagið mun áfram selja Biblíur í fjölmörgum útgáfum, m.a. sem kilju, í mjúkri kápu í mismunandi litum og í stærri útgáfu með rauðri flauelskápu.



## Við erum hér

### Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan

Í Bústaðakirkju við Tunguveg á horni  
Bústaðavegar og Tunguvegar.

Opið alla virka daga kl. 9-16:30 – Sími 5284200

Næg bílastæði við inngang og strætóstöð fyrir neðan.



# „Vil lýsa þeirri björту vissu að veröldin sé á för til Guðs“

**Bjarni Karlsson** hefur sent frá sér bókina *Bati frá tilgangssleysi* sem hann segir að sé sjálfshjálparbók fyrir sig einan. „Fyrir allt annað fólk er hún líkust harðfiski; seig undir tönn, hundheiðarleg, tímafrek en full af næringu ef maður gefst ekki upp.“

**H**ér er boðuð trú á Jesú í eftirnútímanum,” segir Bjarni í samtali við B+ þegar hann er spurður hvers konar bók þetta sé. „Í raun er bókin nokkurs konar veðmál. Fyrst býð ég mér í húsvitjun á heimili allra landsmanna, að Sumarhúsum hjá Bjarti bónda og hans sjálfstæða fólki. Þegar ég hef dregið upp meginlínur í vanvirku samskiptamunstri heiðarbýlisins nota ég *Sumarhúsaheilkennið*, sem ég nefni svo, sem sjón- gler á mannleg tengsl í víðara samhengi.“

Bjarni segir að vandi veraldarinnar sé sá sami og hrjái Bjart bónda, sögupersónu Halldórs Laxness. „Af einhverjum ástæðum virðist allt sem er viðkvæmt fölna, visna og deyja undir fótum okkar. Bjartur í Sumarhúsum skilur þetta ekki frekar en okkar nútími, fastur í sinni einstaklings- og efnis- hyggju.“

## Helgisagnir hluti af langtímaminni mannkyns

Bjarni fjallar m.a. um rótgrónar helgisagnir og mýtur í bókinni sem hann segir að hafi neikvæð áhrif á vestræna menningu. „Ég veðja að mér auðnist að lýsa því fyrir lesandanum hvernig fimm alþekktar mýtur næra hið vanvirka ástand heims- menningarinnar. Þetta skaðandi hugarfar, sem ég tel þær styðja við, felst í því hvernig við (1) veðjum á yfirráð fremur en samráð almennings, (2) ein- blínum á einstaklingsbundna sök en greinum síður samábyrgð, (3) lítum á forréttindi hinna fáu sem náttúruleg mál frekar en að ástunda jöfnuð, (4) skilgreinum okkur sem einmana keppinauta fremur en samferðafólk svo að framandleiki, einsemd og kvíði verða ríkjandi ástand og (5) finnum til blygð- unar vegna sérkenna okkar í stað þess að una eigin veruleika.“

Af þessum fimm áhrifaríku helgisögnum er ein í Biblíunni en hinar fjórar eiga annan uppruna. Þannig held ég því fram að veröldin sé í raun trúar- legri staður en flest vilji vera láta.

Þá kalla ég til leiks ýmsa ólíka fræðimenn og lýsi gagnrýni þeirra á vestræna nútímamenningu sem

vanti getu til að greina og virða samhengi. Rætt er um skort á vistkerfislæsi og félagslegu innsæi auk þess sem hið þrönga hagvaxtarhugtak nýfrjáls- hyggjunnar er gagnrýnt.

Í ljósi umhverfis-, félags- og efnahagsmálanna ræði ég svo erindi kristinnar trúar. Enda er les- andinn þá búinn að máta sig við þann skilning á mannfélaginu að það sé sagnavettvangur. Fornir og nýir túlkunarrámmar, sagnaminni og mýtur, liggja við hönd okkar líkt og verkfæri í tösku þar sem eitt þarf ekki að útiloka annað.

Helgisagnir eru hluti af langtímaminni mannkyns og gegna því hlutverki að svara spurningunum tveimur sem öllu fólki liggur á hjarta: Hvers vegna er lífið mitt svona sárt? Og er eitthvað við því að gera? Svörin eru mörg og ólík. Við lifum í hagkerfi helgisagna þar sem ólíkir túlkunarrámmar bjóða upp á ólíkar vinnutilgátur í glímunni við veruleik- ann. Þess vegna er svo galið að ritskoða almanna- rýmið og banna vissar gerðir helgisagna, líkt og nú tíðkast í okkar landi. Helgisagnir eru almennings- eign rétt eins og vatn og súrefni.

Tillaga mín er sú að við kveðjum þann gelgju- lega einstrenging sem fólgin er í hugmyndinni um ógildishlaðna almenningsrýmið af þeirri ástæðu að það fyrirfinnst hvergi. Jafnframt lýsi ég helstu ágöllum þessarar pólitísku tilraunar sem m.a. birtast í því að almenningur finnur sig jaðarsettan þegar sérkenni fólks eru skilgreind sem óþarfa farangur óhæfur til opinberrar birtingar. Í slíku samfélagi eru öll vissulega frjáls að því að vera ólík – svo lengi sem þau eru það í einrómi.“

## MeToo-byltingin prófmál á efni bókarinnar

Í síðasta hluta bókarinnar vikur Bjarni að #MeToo- byltingunni sem hann segir vera prófmál á efni bókarinnar. „Ein af mörgum birtingarmyndum fátæktar er sú að vera líkami sem sé líklegur til að verða fyrir kynferðisofbeldi. Ekki þurfa allir líkamar að óttast nauðgun. Þar lýsi ég því hvernig Sumarhúsaheilkennið styður við nauðgunarmenn- inguna hvort sem hún snýr að mannslíkómum, til- teknum samfélagshópum eða jörðinni sjálfri.“



## „Í raun hóf ég að rita þessa bók fyrir tíu árum þegar ég hrökklaðist úr borgarpólitík þar sem trúarópolið náði undirtökunum einmitt þegar þjóðin þurfti mest á trú og kirkju að halda.“

Loks dreg ég fram nokkrar Biblíusögur sem allar eiga það sammerkt að vera til þess fallnar að auka á kynfrelsi, kynöryggi og kynheilsu í samfélagi manna svo lengi sem þær fá að heyrast og túlkast í frjálsu samtali.

Nú er sá tími upp runninn að mannkyn hefur ekki efni á að hafna neinu formi mannlegrar þekkingar. Saman þurfum við að kveðja hugarfar mannmiðlægninnar og tileinka okkur lífmiðlæga nálgun. Í því verkefni er engin spenna milli veraldlegrar og trúarlegrar hugsunar. Í því sambandi bendi ég á í lokaorðum hvernig Halldór frá Laxnesi og Jesús frá Nasaret eru sammála í hinu stóra aðalatriði: Virðingunni og samlíðuninni með barninu.”

### Slitinn prestur og áhyggjufullur afi

Bjarni segist hafa skrifað þessa bók af hjartans þörf. „Ég lít hvorki á mig sem fræðimann né rit höfund. Ég er bara slitinn prestur og áhyggjufullur afi sem þjáist eins og allt hugsandi fólk undan því

sem virðist vera gjaldþrot vestrænnar menningar í formi óskiljanlegrar vistkerfisskuldar og hnatt-ræns glundroða. Árin líða og innan skamms verð ég farinn. Þá vil ég að eftirlifendur viti að þótt ég hafi lítið megnað hafi mér ekki staðið á sama. Í raun hóf ég að rita þessa bók fyrir um tíu árum er ég hrökklaðist úr borgarpólitík þar sem trúarópolið náði undirtökunum einmitt þegar þjóðin þurfti mest á trú og kirkju að halda.

Enn fremur vil ég lýsa þeirri björtu vissu að fremur en að vera á leið til helvítis sé veröldin öll á för til Guðs. Ég trú því að hið sigrandi afl ljóss og ástar sem sagan af Jesú lýsir svo vel, og líka hver einasta birkihristla á okkar kalda landi, sé stærri veruleiki en öll grimmd og heimska manna. Um leið og ég vil sem kristinn maður heyra sögur og sagnir allra trúarbragða – veraldlegra jafnt sem annarra – vil ég kveðja mér hljóðs og boða samferðamönnum mínum trú á Jesú því að hann er frelsari minn og sá sem ég treysti í lífi og dauða.”

„Um leið og ég vil sem kristinn maður heyra sögur og sagnir allra trúarbragða – veraldlegra jafnt sem annarra – vil ég kveðja mér hljóðs og boða samferðamönnum mínum trú á Jesú því að hann er frelsari minn og sá sem ég treysti í lífi og dauða,” segir Bjarni Karlsson.  
Mynd: Berglind Halla Elíasdóttir.

# Biblíufélagið í samstarf við Górilla-vöruhús

Nú hefur félagið á að skipa öflugum dreifingarkerfi.

Í febrúar síðastliðnum tók Górilla-vöruhús að sér að hýsa vörlager Biblíufélagsins og annast umsjón með dreifingu á Biblíum til einstaklinga, verslana og félagasamtaka. Górilla-vöruhús þjónustar yfir 70 netverslanir og heildsölur.

Þjónusta Górilla er sniðin að þörfum Biblíufélagsins og hefst þjónustan með

tvenns konar pöntunarferli. Annars vegar er hægt að panta í gegnum netverslunina á [biblian.is/verslun](http://biblian.is/verslun). Þegar gengið hefur verið frá greiðslu á Biblíu(m) á vefnum er pöntunin send sjálfvirk í bókunarkerfi Górilla-vöruhúss. Starfsfólk vöruhússins sækir vöruna í hillu, merkir hana sendingarleið og skráir pakkann tilbúinn og upp úr hádegi sama dag er varan send

úr vöruhúsinu. Um leið og pakkinn fer úr húsi sendir bókhaldskerfi Biblíufélagsins reikning fyrir viðskiptunum til kaupanda.

Hin pöntunarleiðin er fyrir stærri pantanir. Hægt er að senda stærri pantanir með tölvupósti á netfangið [pantanir@biblian.is](mailto:pantanir@biblian.is). Starfsmaður Biblíufélagsins fer yfir pöntunina, skráir í kerfi Górilla-vöruhúss og útbýr reikning handvirk. Þá tekur við sama ferli og áður, starfsfólk Górilla sækir vöruna í hillu, merkir sendingarleið og skráir pakkann tilbúinn.

Í flestum tilvikum tekur 1–2 virka daga fyrir pantanir úr netversluninni að skila sér til kaupanda, en stærri pantanir geta tekið 3–4 virka daga. Vöruhúsið afgreiðir ekki sendingar um helgar.

Að öðru jöfnu er notast við þjónustu DROPP til að koma sendingum til skila. Á þeim svæðum þar sem DROPP er ekki með afhendingarstaði er hægt að senda tölvupóst á [pantanir@biblian.is](mailto:pantanir@biblian.is) og Biblíufélagið kemur pakknum til viðskiptavina með öðrum leiðum.

Vefverslun Biblíufélagsins býður því miður ekki upp á valmöguleika að senda Biblíur erlendis. Þýska Biblíufélagið hefur hins vegar íslenskar Biblíur til sölu á söluvef sínum, [die-bibel.de](http://die-bibel.de), og þar er sá valkostur í boði að fá vörur sendar um allan heim.

Biblíufélagið er þakklátt fyrir frábært samstarf við Górilla-vöruhús hingað til og væntir mikils af samstarfinu í framtíðinni.



Með samstarfi við Górilla-vöruhúsið er nú bæði auðvelt og fljótlegt að fá sendingar frá Biblíufélaginu hvert á land sem er.

## Daglegur Biblíulestur og samfélagsmiðlar

**B**iblíufélagið leitast við að gera texta Biblíunnar aðgengilegan fyrir alla og býður upp á ýmsar leiðir til að upplifa orð Guðs á hverjum degi. Þannig birtist myndskreytt Biblíuvers á samfélagsmiðlunum Facebook, X og Instagram í upphafi hvers dags. Í samvinnu við Kristilegt félag heilbrigðisstétta birtist Orð kvöldsins daglega á öllum helstu

hlaðvarpsveitum og loks má nefna að á vefsíðu Biblíufélagsins er hægt að gerast áskrifandi að Biblíulestri dagsins og fá kafla úr Biblíunni í tölvupósti að morgni hvers dags.

Þar fyrir utan gefur Biblíufélagið árlega út lestrarskrá og á vefsíðu félagsins má finna lesáætlun ([biblian.is/lestur/](http://biblian.is/lestur/)) sem hægt er fylgja til að lesa Biblíuna alla á einu ári.



Orð  
Guðs  
fyrir  
hvern dag

# Lykilorð



Lykilorð færa þér texta úr Biblíunni, vers fyrir hvern dag ársins, því Guð vill tala til þín úr orði sínu.

- KILJA – til sölu á Netinu og í næstu bókabúð
- Rafbók – fylgir frítt  með hverri keyptri kilju
- Hljóðvarp – textar dagsins lesnir upp 
- Samfélagsmiðlar – og þeim deilt og tíst 

Fylgdu okkur eftir, hlustaðu, lestu!

**lykilorð.is**  
[postur@lykilorð.is](mailto:postur@lykilorð.is)  
 sími 864 8790 

# Verið vel lesin og lesið Biblíuna!

**Guðni Einarsson** fjallar um Biblíuvísanir og minnir á að sögusviðið fyrir botni Miðjarðarhafs er einmitt vettvangur Biblíunnar.



Guðni Einarsson blaðamaður sat í stjórn Hins íslenska biblíufélags um langt árabíl.

**Ú**tvarpsstöðin K100 rifjaði upp þann 14. september 2023 að texti hins vinsæla lags Boney M, The Rivers of Babylon, væri sóttur í Biblíuna. Þar er sungið um atburði á sjöttu öld fyrir Krist og vísar textinn m.a. í Davíðssálm

137, um 2.500 ára gamalt ljóð.

Textinn fjallar um herleidda Gyðinga sem sátu við Babýlonsfljót og grétu. Kúgarar þeirra heimtuðu að hinir herleiddu syngju fyrir þá, en þeir gátu ekki sungið Drottins ljóð í framandi landi. Babýlóníumenn höfðu eyðilaggt musteri Salómóns í Jerúsalem og um sjö öldum síðar brutu Rómverjar annað musterið í borginni. Gyðingar minnst þessara atburða árlega á sorgardeginum, níunda degi Av mánaðar.

Fyrirnefndur söngtexti er eitt dæmi um listamenn sem sóttu innblástur í Biblíuna. Sálmabók Þjóðkirkjunnar og aðrar slíkar geyma fjölda slíkra ljóða. Það sem líklega flestir kannast við er Lofsöngur Matthíasar Jochumssonar við lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Það er Þjóðsöngur okkar Íslendinga og sótti Matthías innblástur í 90. Davíðssálm. Ekki má gleyma Passíusálmum Hallgríms Péturssonar um pínu og dauða Krists.

Íslenskir dægurtónlistarmenn hafa einnig leitað fanga í Biblíunni. Það á t.d. við um texta Þorsteins Eggertssonar, Elskaðu náungann og Trúbrot flutti. Einnig má nefna lag Jóhanns G. Jóhannssonar við kærleiksóð Páls postula (1. Kor. 13) og Óðmenn fluttu. Síðast en ekki síst skal nefnt lag sem Margrét Scheving gerði

við 23. Davíðssálm. Það hefur notið mikilla vinsælda, meðal annars við útfarir.

Rithöfundar og myndlistarmenn hafa sótt innblástur og yrkisefni í sögur Biblíunnar um aldir. Söfn heimsins geyma mörg slíkar perlur og það gefur verkunum meira gildi að þekkja hvað býr að baki. Það má alveg halda því fram að sá sem vill vera læs á menningu okkar þurfi að þekkja til Biblíunnar.


Pegar þetta er skrifað eru átök Ísraels-hers og Hamassamtakanna í Landinu helga efst á baugi. Á samfélagsmiðlum skipast menn í fylkingar með og á móti deiluaðilum. Segja má að þar tróni víðtæk vanþekking hæst.

Sögusviðið við botn Miðjarðarhafsins er einmitt vettvangur Biblíunnar. Fróðir menn hafa bent á að rætur atakanna nú séu að hluta til trúarlegar enda takast á annars vegar Gyðingar og hins vegar múslimar. Ísrael er Landið helga í augum beggja og einnig kristinna.

Gamla testamentið rekur sögu Þjóðar Guðs, Gyðinga, í gegnum margar aldir fyrir Krists burð. Þar er minnst á mörg staðarnöfn sem nú eru daglega í fréttum. Gasaströndin og borgin Gasa eru miðpunktur atakanna. Orðaleit að nafninu Gasa á vefsíðu íslensku Biblíunnar (biblian.is) gefur 19 niðurstöður enda á borgin um 4.000 ára langa sögu. Orðaleit að borgarheitinu Jerúsalem, sem er heilög borg Gyðinga, kristinna og múslima, gefur nærri 400 tilvísanir.

Í ljósi alls þessa verður sú ákvörðun yfirvalda menntamála að meina íslenskum nemendum að kynnst Biblíunni og læra um hana að teljast illa ígrunduð ef ekki stórunarleg. Þar á ég bæði við kennslu í kristinfræði, sem byggist á Biblíusögum, og það að gefa nemendum kost á því að taka við Nýja testamentinu að gjöf. Hefur einhverjum orðið meint af því að fá þá góðu bók?

**„Rithöfundar og myndlistarmenn hafa sótt innblástur og yrkisefni í sögur Biblíunnar um aldir.“**



## Davíðssálmur 137

Við Babýlonsfljót sátum vér og grétum  
er vér minntumst Síonar.  
Á pílvíðina þar hengdum vér upp gígjur vorar  
því að þar heimtuðu verðir vorir söngljóð  
og kúgarar vorir kæti:  
„Syngið oss Síonarljóð.“  
Hvernig gætum vér sungið Drottins ljóð  
í framandi landi?  
Ef ég gleymi þér, Jerúsalem,  
þá visni hægri hönd mín.  
Tungan loði mér við góm  
hugsi ég ekki til þín,  
ef Jerúsalem er eigi allra besta yndið mitt.  
Drottinn, mundu Edóms niðjum  
dag Jerúsalem,  
daginn þegar þeir sögðu:  
„Rífið niður, rífið hana niður, allt til grunna.“  
Babýlonsdóttir, þú sem tortímir.  
Heill þeim sem geldur þér  
það sem þú gerðir oss ...

Við Babýlonsfljót,  
málverk eftir Gebhard  
Fugel frá því um 1920.  
(Wikimedia/ Creative  
Commons.)

Verið glöð í voninni,  
þolinmóð í þjáningunni,  
staðföst í bæninni.

Rómverjabréfið 12.12